



Drög lögð fram að nýju í velferðarráði 16. september 2019

Drög lögð fram að nýju í velferðarráði 24 júní 2020

DRÖG að Gjaldskrá Velferðarsviðs um akstursþjónustu fatlaðs fólks

1.gr.

Greiðsla

Gjald fyrir hverja fasta ferð hjá akstursþjónustu fatlaðs fólks skal miðast við hálf t. almennt gjald hjá Strætó bs. samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Gjald fyrir tilfallandi ferðir sem eru pantaðar samdægurs miðast við fullt gjald hjá Strætó samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notandann, hvort sem erum er að ræða fasta ferð eða tilfallandi ferð.

2.gr.

Gjaldskylda ónýttar þjónustu

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afþöntun ferða skal fara fram með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

3.gr.

Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við sameiginlegar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann x.x. 2020 og tekur gildi frá og með 1. júlí 2020. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1376/2019.